

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

5. blað.

Hin heppilega afstaða Unitara.

ÚR FYRIRLESTRI EFTIR

PROF. FRANCIS C. CHRISTIE.

þýtt af G. Arnasyni.

„Af öllum villum eru spádómsvillurnar almennastar“, sagði George Eliot. Jafn áhættusöm, ef til vill, er tilraun manns að líta yfir sinn eigin tíma og virða fyrir sér stærð og þýðingu einhverrar hreifingar. Eg hef verið beðinn um að tala um afstöðu hinna únitarisku trúarbragða á meðal hreifinga tímans, og þrátt fyrir öll vandkvæði á því að skilja til fulls allar hinar mörgu hreifingar og stefnur er það mál snerta, hef ég tekið að mér að gera það. Ófullkominn skilningur er betri en enginn skilningur, og er spor í áttina til fullkomins skilnings. Eg er þess vegna fús á að leggja fram minn ófullkomna skilning á málefni því, sem að eins verður ljóst þegar menn geta litið til baka til nútímans, sem afmarkaðs tímabils í sögunni.

Það er öllum ljóst, að vonir vorar og hugsjónir eru stærri heldur en tala fylgjenda vorra. En þegar vér horfum til baka yfir söguna, þá höfum vér mikla ástæðu til að láta fylgjendafjöldann liggja oss í léttu rúmi. Þeir sem að mannkynið virðir mest og dýrkar í sögu siðfræðis og trúarbragða, hafa æfnilega verið í minni hluta á sínum tíma, og víðtæk rannsókn á mannlífni sýnir oss að framfarasporin hafa aldrei verið samtaka hreifing fjöldans, heldur einstaklingsins eða hinna fáu, sem hafa breytt út frá hinu vanalega. Á hvaða tíma sem er hafa hinir lítt hugsandi og fastheldnu getað talið sig í meiri hlutanum. Hinir orþódoxu mótmælendur, sem benda á hvað vér